

megi líklegt að hinn látni eiginmaður hefði óskað annar-
ar ráðsmensku.

Samkvæmt framansögðu þykir því eiga að taka til greina kröftu gjafþegans Jóns Þ. Sívertsens um afsal $\frac{1}{2}$ Hrapseyjar honum til handa svo sem hin sameiginlega erfðaskrá mælir fyrir.

Föstudaginn 25. maí 1934.

Nr. 144/1933. Sigvaldi Jónasson (Sjálfur).

gegn

Theódór N. Sigurgeirssyni (Sjálfur).

Fjárnámsgerðir staðfestar.

*Fjárnámsgerðir fúgetaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu
30. okt. og 6. nóv. 1933.*

Dómur hæstaréttar.

Með dómi gestaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 16. sept. 1933, var áfrýjandi þessa mál dæmdur til að greiða stefnda kr. 3000.00 með vöxtum m. m. samkvæmt vixli, er áfrýjandi hafði samþykkt, en stefndi innleyst sakir greiðslufalls, með því að hann hafi gerzt ábekingur á vixlinum. Dómur þessi var birtur 7. okt. 1933 á Geithálsi í Mosfellssveit, og kannast áfrýjandi við, að þar hafi þá verið lögheimili hans. En með því að þar var engan mann að finna, þegar birta skyldi dóminn, sóttu stefnuvottarnir mann á bæ einn þar í grend að Geithálsi og birtu svo dóminn fyrir honum. Kveður áfrýjandi mann þenna hafa að kveldi sama dags látið sig vita um dómsbirtinguna. Þann 30. okt. f. á. var fúgetaréttur Gullbringu- og Kjósarsýslu því næst settur að Geithálsi og teknir fjárnámi nokkrir

munir, er áfrýjandi átti þar, til tryggingar dóm-skuldinni, en með því að þeir reyndust ónógir samkvæmt virðingu, er þá var á þá lögð, til lúkningar skuldinni, var fógetagerðinni frestað og fjárnáminu framhaldið í fógetarétti Reykjavíkur 6. nóv. s. á., og var þá gert fjárnám í nokkrum munum, er áfrýjandi átti í vörzlum stefnda. Þessum fjárnámsgerðum hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu 11. dez. f. á. og hefir hann krafizt þess, að þær verði feldar úr gildi og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti. Stefndi hefir þar á móti krafizt staðfestingar á fjárnámsgerðum þessum og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Áfrýjandi hefir byggt kröfu sína um ómerkingu fjárnámsgerðanna á þeirri einni ástæðu, að birting dómsins hafi verið ólögmat, með því að hann hafi verið birtur afbæjarmanni, er stefnuvottarnir sóttu að Geithálsi til að birta þar dóminn fyrir honum. En með því að enginn maður var heima að Geithálsi, þegar birta skyldi dóminn, þá hefði verið heimilt að birta hann hverjum, sem þar kynni að hafa verið staddur, sbr. 1. málsg. 9. gr. laga nr. 63/1917, og gerir það dómsbirtinguna ekki ólögmæta, þótt stefnuvottarnir fengju áður nefndan afbæjarmann til að koma að Geithálsi og taka þar við birtingunni. Með þessum hætti var fenginn löglegur grundvöllur undir fjárnám eftir dómnum, og verður því, samkvæmt kröfu stefnda, að staðfesta fjárnámsgerðirnar 30. okt. og 6. nóv. f. á.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti með 50 krónum.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinar áfrýjuðu fjárnámsgerðir skulu vera óraskaðar. Áfrýjandi, Sigvaldi Jónasson, greiði stefnda, Theódór N. Sigurgeirssyni, 50 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. maí 1934.

Nr. 56/1934. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Sigurði Sveinbjarnarsyni

(Eggert Claessen).

Sýknun.

.. *Dómur aukaréttar Reykjavíkur 3. febr. 1934: Ákærður. Sigurður Sveinbjörnsson, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar og valdstjórninnar í máli þessu. Málskostnaður greiðist af almannafé.*

Dómur hæstaréttar.

Það er eigi sannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni með ólöglegum hraða á leiðinni frá Njálsgötu 67 og þar til hann sá bifreiðina R.E. 107 við húsið nr. 28 við sömu götu, og verður hann því eigi talinn hafa brotið ákvæði bifreiðarlaga eða lögreglusamþykta Reykjavíkur um akstur bifreiða, á þessari leið. Og eins og málið er upplýst, verður eigi heldur talið, að hann hafi valdið dauða stúlkubarnsins, er fyrir bifreið hans varð við húsið Njálsgötu 27, með vitaverðri óvarkárni. Það verður því að sýkna ákærða í máli þessu, eins og